



## Hreppsnefnd 1. október 2001

Fundargerð hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps 1. okt. 2001

Fundur haldinn í hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps mánudaginn 1. okt. 2001

kl. 1600 í Miklagarði. Mættir: Hafþór Róbertsson, Emil Sigurjónsson, Björn Heiðar Sigurbjörnsson, Aðalbjörn Björnsson, oddviti, Árni Róbertsson, Steindór Sveinsson og Sigurveig Róbertsdóttir.

Einnig var mættur Þorsteinn Steinsson, sveitarstjóri.

Oddviti setti fund og bauð fundarmönnum kaffi á meðan beðið var eftir gesti fundarins, Ólafi Ármannssyni, stjórnarformanni Tanga hf. Síðan var gengið til dagskrár, sem var aðeins eitt mál, fyrirhugaður samruni Tanga hf. Vopnafirði og Sjólavers ehf., Hafnarfirði.

Oddviti gaf síðan Ólafi Ármannssyni orðið. Ólafur skýrði frá því að farið hefði verið í það verkefni að leita leiða til að auka atvinnu á Vopnafirði með aukinni starfsemi Tanga hf. Ýmsar leiðir hafa verið skoðaðar bæði að selja eitt skipa fyrirtækisins með eða án kvóta eða fá einhvern samstarfsaðila, sem hefði fiskveiðiheimild til að leggja í fyrirtækið. Nokkur fyrirtæki voru athuguð með það í huga, og þar á meðal Sjólaver ehf. Hafnarfirði.

Eftir gaumgæfilega athugun var viljayfirlýsing gefin út milli fyrirtækjanna. Sjólaver ehf. kemur til með að verða stæsti hluthafinn í Tanga hf. eftir samrunan, en Vopnafjarðarhreppur hefur verið stærsti hluthafinn fram að þessu.

Við samrunan mun Sjólaver koma inn með kvóta og eignast á móti verulegan hlut í Tanga h/ f. Með þessu er hugmyndin að tryggja betri kvótastöðu fyrirtækisins. Hlutfé fyrirtækisins verður aukið um 300 m.kr. til þess að mæta samrunanum. Til viðbótar er stefnt að því að auka hlutfé félagsins með áskrift nýrra hluta að upphæð allt að 100 m.kr.

Síðan vék Ólafur Ármannsson af fundi.

Oddviti bar fram svofellda tillögu: "Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps er samstíga um að taka þetta skref í von um tryggari atvinnu á staðnum í framtíðni og samþykkir því samruna þessarar fyrirtækja með þessu móti fyrir sitt leyti."

Tillalagn var samþykkt samhljóða.

Síðan var samþykkt að sveitarstjórinn fari með atkvæði Vopnafjarðarhrepps á hluthafafundi Tanga h/f, sem haldinn verður í Miklagarði á Vopnafirði miðvikudaginn 3. okt. 2001.

Fleira ekki gert og fundi slitið.